

Nd.

286. Frumvarp til laga

[155. mál]

um breyting á lögum nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. lög um breyting á þeim lögum, nr. 31 25. apríl 1964.

Flm.: Jónas Jónsson, Stefán Valgeirsson.

1. gr.

Í stað orðanna „60 þúsund krónur“ í 1. málsg. 48. gr. laganna (5. gr. laga nr. 31/1964) komi: 100 þúsund krónur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Styrkur sá, er hér um ræðir, til byggingar íbúðarhúsa á nýbýlum og hjá þeim bændum, sem hafa örðugan fjárhag og hafa meðaltekjur eða lægri, hefur haldizt óbreyttur að krónutölu síðan 1964. Á því tímabili hefur allur byggingarkostnaður hækkað mjög tilfínnanlega. Lán til íbúðarhúsa í sveitum hafa að vísu hækkað nýlega í 300 þúsund krónur. En við þá hækkingu mun hafa verið höfð hliðsjón af því, að eðlilegt væri, að styrkurinn hækkaði einnig. Enda eru lán til íbúðarhúsa í sveitum enn snöggtum lægri en lán til byggingar íbúðarhúsa í bæjum, sem eru 380 þúsund krónur að viðbættum 75 þúsund krónum til meðlima verkalýðsfélaga, sem fá þá samanlagt 455 þúsund krónur að láni.

Nú lítur út fyrir, að verulega dragi úr íbúðarhúsabyggingum í sveitum, svo að ekki er ósennilegt, að hægt verði að hækka styrkinn til hvers bónda án hækkaðrar heildarfjárveitingar.

Þessi litla hækking gæti þó orðið til að örva nokkuð byggingar á næsta sumri og hjálpa nokkrum bændum, sem búa við örðugt og alls kostar ófullnægjandi húsnaði, en treysta sér ekki til að byggja við núverandi aðstæður. Þannig mundi einnig aukast nokkuð atvinna hjá iðnaðarmönnum og öðrum þeim, sem byggingastörf stunda, og væri þessu fé þá vel varið.